

aðeins í þeim málaflökkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra, enda hafi atkvæðagreiðsla ekki verið skrifleg. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda og nýtur til þess aðstoðar skrifstofu deildarinnar. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að fara með mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

3. gr.

Í XVI. kafla bætist við ný grein:

112. gr. a.

„Deildarfundur í félagsvísindadeild gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í ákveðnum námskeiðum eða kennslugreinum.“

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 25. mars 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

7. apríl 1992

Nr. 23

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 7. apríl 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 24

13. apríl 1992

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 13. apríl 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.